

Nr. 021 / 09 Barði NK 120**Vélavana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1976
Smíðaður: Noregi 1989, stál
Stærð: 598,7 brl. 1166,5 bt.
Mesta lengd: 51,14 m Skráð lengd: 47,42 m
Breidd: 12 m Dýpt: 7,15 m
Vél: MaK 1840 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 24



Barði ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 23. febrúar 2009 var Barði NK 120 á togveiðum á Papagrunni. Veður: N 5 m/s.

Við veiðarnar var aðalvélin stöðvuð vegna hávaða í henni og í ljós kom að tennur í hjóli í tímagír hennar höfðu brotnað. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð togarans Bjartar NK 121 sem kom og dró skipið til Neskaupstaðar.

Við rannsókn kom fram:

- að aðalvélin er að gerðinni 6M MAK 453C. Serial No: 26979. Heildarkeyrslutími hennar var 134.149 klst.;
- að fjórar tennur í röð höfðu brotnað í tannhjólina á sveifarásnum;
- að í janúar 2007 brotnaði vélin (*mál nr. 003/07 hjá RNS*) þegar þrjú andvægi losnuðu. Í þessu tjóni stöðvaðist vélin snögglega og samkvæmt sérfræðialiti er mjög líklegt að einhver sprunga hafi komið í þessar tennur í sveifarásnum. Þegar vélin var sett í gang aftur eftir viðgerðina eru miklar líkur á að þessar tennur hafi verið án álags frá millitannhjólina í startinu en undir álagi í þetta skiptið;
- að samkvæmt upplýsingum frá viðgerðaraðila var vélin sett saman með ný tannhjól á sveifarás, millitannhjól upp í kambástannhjól, tannhjól á kambás og tannhjól í vinkildrif undir gangráð. Önnur tannhjól í tímagírnum fóru í gegnum viðurkennda sprunguleit með segulsvarfi;
- að í viðgerðinni 2007 var tímagírin aðeins sjónskoðaður og virtist í lagi. Sérfræðingur telur það í raun heppni að þetta hafi ekki farið fyrir;
- að fram kom hjá fulltrúa flokkunarfélags að tjón á kambáshjólum í MAK vélum væri þekkt og telur mikilvægt að láta sprunguleita vélahluta þegar við á og þegar flokkunarfélag segir til um.

Nefndarálit:

Orsök vélabilunarinnar eru að fjórar tennur brotnuðu í tannhjólina á sveifarás sem nefndin telur að rekja megi til bilunar tveimur árum áður.